

Aukastjórnarfundur Geðhjálpar 22.04.2015

Mættir: Hrannar, Anna Gunnhildur, Bergþór, Védís, Einar, Sigrún Heiða.

1. Batamódel & læknamódel, hugmyndahópur vegna málþings í haust (HJ).

Stjórnarmenn voru sammála um að fá erlendan fyrirlesara til að halda erindi á málþinginu. Hópurinn ætlar að kynna sér frekar bakgrunn Joanna Moncrieff, kennara við University College í London, fyrir næsta stjórnarfund. Meðal annarra voru nefndir David Healy og Beser Wankocher. Sú hugmynd kom fram að óska eftir samvinnu við íslenskan háskóla um komu viðkomandi fræðimanns til landsins.

Stjórnarmenn voru sammála um að eftirsóknarvert væri að Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, fjallað um upphaf batamótelsins á Íslandi á málþinginu. Meðal annarra voru nefndir Matthías Halldórsson, Guðbjörg Sveinsdóttir, Auður Axelsdóttir, Elín Ebba Ásmundsdóttir og Elías Jón Sveinsson ásamt Jóni Friðrik, Baldri Heiðari og Hjalta frá Bataskólanum.

Stjórnarmenn voru sammála um að eftirsóknarvert væri að fá tvo notendur með góða og slæma reynslu af kerfinu til að flytja erindi á málþinginu. Sú hugmynd vaknaði að fá viðhorf geðlæknafélagsins til batamódelisins og einnig að fá fræðimann til að velta því upp af hverju viðhorf almennings væri jafn litað af læknisfræðilega módelinu og raun bæri vitni.

Fram kom að æskilegt væri að halda málþingið í kringum Alþjóða geðheilbrigðisdaginn í haust. Því var velt upp að halda málþingið í Ráðhúsinu eða Hörpu.

Fundinum lauk um kl. 18.30.